

STJÓRNARTÍÐINDI B 142 – 2002

Nr. 930

2310

23. desember 2002

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir sérstök eftirlits- og þjónustustörf Vinnueftirlits ríkisins nr. 572/2001.

2. mgr. 2. gr. orðist svo: Fyrir hverja gjaldeiningu skal greiða kr. 1.003.
Breyting þessi á gjaldskrá sem sett er samkvæmt 2. mgr. 49. gr., 3. mgr. 77. gr. og 2. og 4. mgr. 80. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum staðfestist hér með og öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 23. desember 2002.

Páll Pétursson.

Gylfi Kristinsson.

Nr. 931

31. desember 2002

AUGLÝSING

um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um breytingu á reglugerð um Stjórnarráð Íslands, sbr. auglýsingu um staðfestingu hennar nr. 96 31. desember 1969, með síðari breytingum.

Forseti Íslands hefur hinn 31. desember 2002 samkvæmt tillögu forsætisráðherra staðfest eftirfarandi reglugerð um breytingu á reglugerð um Stjórnarráð Íslands, sbr. auglýsingu um staðfestingu hennar nr. 96 31. desember 1969, með síðari breytingum:

1. gr.

Orðin „að fengnum tillögum Náttúruverndarráðs og“ og „Náttúruverndarráð og embætti veiðistjóra“ í 1. tölul. 13. gr. reglugerðarinnar, sbr. 1. gr. auglýsingar nr. 5/1990, 3. gr. auglýsingar nr. 77/1990 og 5. gr. auglýsingar nr. 27/1993, um staðfestingu reglugerða um breytingar á reglugerð þessari, falli brott.

2. gr.

Í stað orðanna „Hollustuverndar ríkisins“ í 2. tölul. 13. gr. reglugerðarinnar, sbr. 1. gr. auglýsingar nr. 5/1990, 3. gr. auglýsingar nr. 77/1990, 3. gr. auglýsingar nr. 103/1997 og 1. gr. auglýsingar nr. 157/2001, um staðfestingu reglugerða um breytingar á reglugerð þessari, komi: Umhverfisstofnunar.